

Fundur 20.3.2023 Mikhail Gorbachev.

Komið þið blessaðir og sælir, sendi ég ykkur mínar bestu kveðjur frá þjóð minni.

*Komdu blessaður og velkominn,*

Vona ég af heilum hug að atburðir þeir sem valdið hafa allri heimsbyggðinni reiði, og kvíða muni ekki skyggja á sögu þjóðar minnar og verðugan sess okkar í sögunni og vona ég sömuleiðis að hörmungartímar þeir sem nú ganga yfir muni líða hjá skjótt og það muni gleymast og sárin gróa sem best.

En hef ég stundum verið kallaður draumóramaður og þó eru mér margir sammála á framlífsjörð og vil ég sérstaklega senda mínar bestu kveðjur til ykkar þjóðar sem ég ber hlýjan hug til og sem ég trúir að eigi enn veigamiklu hlutverki að gegna í mannkynssögunni eins og dæmin sanna.

Og verð ég nú að segja að ekki bjóst ég við að þau straumhvorf yrðu sem urðu á þeim tíma sem ég gegndi veigamiklu hlutverki og átti kannski svo lítinn þátt í ásamt mörgu öðru góðu fólki.

Og sýnir það manni hversu mannkynssagan er óútreiknanleg og hvernig hægt er að búast við góðri niðurstöðu, jafnvel þar sem útlitið er dökkt og viðmælandinn er með allt aðrar hugmyndir en maður sjálfur og kemur úr allt öðru menningarumhverfi en maður sjálfur og þjóð manns.

Já ég hef hér allur verið að hressast í framlífi og hef ég verið margsinnis hvattur til að koma fram á ykkar fundi og hygg ég að það verði ekki í síðasta skifti.

Er ég nú að kalla kominn með fullt líkamsþrek og andlegt þrek og finnst mér það hið mesta undur og er það mjög erfitt að kenna gömlum hundi að sitja eins og sagt er, þegar um er að ræða gamlan trúleysingja sem í æsku kynntist þó kirkjunni og hafði sína barnatrú alla æfi þótt í laumi hafi þurft að geyma hana um langt áratuga skeið.

*Er þetta Gorbachev?*

Mikhail Gorbachev, já það er rétt.

*Já blessaður, velkominn.*

Já bestu kveðjur til ykkar þjóðar og þakka ég fyrir hversu hlýtt þið hugsið til mín og veit ég að margir eru hér saman sinnis.

Já þið hafið kannast við mig, það skynja ég.

*Já.*

Get ég nú kannski ekki talað mikið lengur en ég reyni að safna kröftum til að koma síðar og hef þá aðra ræðu tilbúna, en þætti mér mjög gaman að segja frá minni þjóð í framlífi og hversu mjög stefnurnar skarast í framlífi og hversu mjög stefnurnar skarast hjá Úkraínumönnum sumuleiðis í framlífi, en gleður það mig mjög að ráðherra ykkar ríkistjórnar skuli styðja friðarins mál.

Og þótt ég geri það með sorg í hjarta að fara gegn ríkjandi valdhöfum í landi mínu, tel ég þau í fullkomnum órétti og verði að beygja sig undir alþjóða samfélagið og setja af alla þá sem hafa farið með ófriði gegn sjálfstæðri þjóð.

*Hvernig endar stríðið?*

*Getur þú gefið okkur hugmynd um friðar grundvöll?*

Já ég verð að koma síðar, þetta er svo stórt mál að ég, orkan er farin að minnka, ég þakka kærlega fyrir, og ég finn að hér eru margir mér sammála og hægt, ég mun vissulega koma síðar og þá verður hægt að athuga þetta betur sem þið spurðuð um.

Þakka ég kærlega fyrir og megið þið vera vissir um, mér líður vel og margir hér biðja að heilsa, verið þið sælir.

*Má ég spurja þig um eitt áður en þú ferð?*

Já já.

*Ert þú enn þá með valbránna á enninu?*

Ja nei, það má nú segja að þar hefur nú orðið breyting og bót á.

*Þetta var nú bara svona að gamni.*

Og lít ég einnig út sem ungur maður, þarf ekki að nota gleraugu og hárið á sínum stað.

*Plagaði valbráin þig einhvern tímann?*

Nei ekki get ég sagt það, þetta er eins og önnur útlits einkenni, það venst og allir hætta að taka eftir því býst ég við nema þeir sem ekki þekkja mann, en ég veit ekki hvort maður ætti að sakna þess, en það er svo margt sem er breytt í nýjum heimi.

Og þetta er allt miklu betra, að vera laus og liðugur og öflugur og sterkur, var nú orðinn býsna hrumur undir það síðasta.

Já það er mjög ánægjulegt að ræða við ykkur og mun ég vissulega koma síðar, því lofa ég.

*Vertu velkominn aftur,*

*Ert þú ekki með góðar minningar frá Höfða?*

Jú, ég minntist nú örlítið á þetta og það voru góð áhrif, góð áhrif.

Jæja nú kveð ég og þakka fyrir, verið þið sælir.

*Þakka þér fyrir komuna og vertu velkominn aftur.*